

## REGLUGERÐ

### um niðurfærslu loðdýralána.

#### 1. gr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er heimilt að fella niður allt að 50% af heildarskuldbindingum sem stofnað hefur verið til hjá deildinni vegna loðdýraræktar.

#### 2. gr.

Allir þeir bændur sem tekið hafa lán til loðdýraræktar hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins eða yfirtekið slík lán til að stunda loðdýrabúskap og eru enn ábyrgir fyrir þeim lánum, eiga rétt á niðurfærslu þeirra skulda hjá deildinni skv. reglugerð þessari.

Niðurfærslan skal ná til allra lána, sem skilgreind eru í bókhaldi deildarinnar sem loðdýralán, þ.m.t. lán vegna loðkanínuræktar, og skal fjárhæð niðurfærslunnar miðast við höfuðstól þeirra 31. desember 1992, að viðlögðu vísitöluálagi.

#### 3. gr.

Réttur til niðurfærslu skal þannig fundinn, að fyrst sé dregin 1,0 m.kr. frá heildarskuld hvers og eins skv. 2. gr., en síðan falli niður 45% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur, þó í eftirfarandi röð:

1. Til greiðslu vaxta á áhvílandi loðdýralánum frá 15. júní 1992 til 15. júní 1994.
2. Vanskil á afborgunum og vöxtum af loðdýralánum fram til 15. júní 1993.
3. Lán veitt til bústofnskaupa.
4. Lán veitt til búrakaupa.
5. Önnur loðdýralán.

Þá er heimilt að nýta niðurfærsluréttinn til að greiða vanskil af öðrum lánum viðkomandi aðila hjá Stofnlánadeild, enda sé um það samkomulag við lántaka.

#### 4. gr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins skal kynna viðkomandi skuldunautum bréflega þá niðurfærslu skulda sem hverjum og einum stendur til boða skv. reglugerð þessari og skýra forsendur hennar.

Lántakandi skal staðfesta skriflega, að hann óski eftir niðurfærslu. Að þeirri staðfestingu fenginni skal niðurfærsla fara fram og Stofnlánadeild landbúnaðarins lækka veðkröfur sínar í samræmi við það.

#### 5. gr.

Veiti skuldunautur samþykki sitt, getur Stofnlánadeild landbúnaðarins skilyrt niðurfærslu lána því að samkomulag náist við þá veðhafa sem eftir henni koma um skuldbreytingu niðurfellingu skulda.

#### 6. gr.

Stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins er heimilt að fella niður skuldir umfram það sem kveðið er á um í 3. gr. að því marki sem heimild deildarinnar til niðurfellingar skv. 1. gr. nægir til.

#### 7. gr.

Stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins er heimilt að fella niður allt að helmingi heildarskulda hjá þeim fóðurstöðvum sem tekið hafa lán hjá deildinni til fjárfestinga vegna framleiðslu á loðdýrafóðri.

## 8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 108 28. desember 1992 um breytingu á lögum nr. 112/1989 um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 27. maí 1993.*

**Halldór Blöndal.**

*Jón Höskuldsson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o.fl., nr. 787 13. desember 1983.**

## 1. gr.

Í stað „vörubifreiða fyrir 5 smálesta farm eða meira“ í 1. mgr. 13. gr., sbr. reglugerð nr. 361/1992, komi: vörubifreiða sem eru meira en 3 500 kg að leyfðri heildarþyngd.

## 2. gr.

Í stað „vörubifreið fyrir 5 smálesta farm eða meira“ í 4. mgr. 42. gr., sbr. reglugerð nr. 116/1988, komi: vörubifreið sem er meira en 3 500 kg að leyfðri heildarþyngd.

## 3. gr.

Á eftir 2. mgr. 45. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Eigi má veita þeim sem er yngri en 20 ára réttindi til að stjórna vörubifreið sem er meira en 3 500 kg að leyfðri heildarþyngd, hópþifreið eða bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

## 4. gr.

Á eftir 52. gr. komi tvær nýjar greinar, 52. gr. a og b, með fyrirsögninni: **G. Eldri ökuréttindi.**

## 5. gr.

Ný grein, 52. gr. a, orðist svo:  
Fullnaðarskírteini sem gefin höfðu verið út til 10 ára fyrir 1. mars 1988 og voru þá í gildi skulu gilda áfram án áritunar þar til hlutaðeigandi er fullra 70 ára.

## 6. gr.

Ný grein, 52. gr. b, orðist svo:  
Peir, sem fyrir 1. júní 1993 hafa öðlast réttindi sem nú er krafist sérstakrar löggildingar til, halda þeim rétti, enda fullnægi þeir almennum skilyrðum til þess, þannig:

- Peir sem fyrir 1. júlí 1958 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna bifreið mega stjórna bifhjóli, svo og vörubifreið sem er meira en 3 500 kg að leyfðri heildarþyngd.
- Peir sem fyrir 12. apríl 1960 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna bifreið mega stjórna hópþifreið fyrir fleiri en 16 farþega, þó ekki bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni.
- Peir sem fyrir 1. mars 1988 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna bifreið mega stjórna hópþifreið fyrir allt að 16 farþega, þó ekki bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni.
- Peir sem fyrir 1. mars 1988 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna leigubifreið til mannflutninga mega stjórna bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni.